

## Svar

forseta Alþingis við fyrirspurn Margrétar Tryggvadóttur um öryggismyndavélar og verklagsreglur um boðun lögreglu.

*1. Hvaða lagaákvæði og reglur gilda um upptökur með öryggismyndavélum Alþingis?*

Rafræn vöktun með öryggismyndavélum á vegum Alþingis er í þágu öryggis og eignavörslu. Um vöktunina fer samvæmt lögum 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, sbr. einkum 6. tölul. 2. gr., 4. gr., 2. mgr. 9. gr., 24. gr. og 5. mgr. 37. gr. laganna, og reglum nr. 837/2006, um rafræna vöktun.

*2. Hversu lengi eru upptökur úr öryggismyndavélum Alþingis varðveittar?*

Um varðveislu efnis sem til verður með upptöku öryggismyndavéla á vegum Alþingis fer skv. 2. mgr. 9. gr. laga nr. 77/2000, sbr. einkum 3. tölul. ákvæðisins og reglur nr. 837/2006, sbr. einkum 7. gr. reglnanna. Upplýsingar sem til verða við rafræna vöktun eru ekki varðveittar lengur en málefnalegar ástæður leyfa og aldrei lengur en 90 daga.

*3. Hver tekur ákvarðanir um varðveislu gagna úr öryggiskerfum þingsins?*

Þegar um er að ræða slys eða meintan refsiverðan verknáð eru afrit gagna úr öryggismyndavélum afhent lögreglu. Ákvörðun um slíkt taka stjórnendur þingvörslu í samráði við skrifstofustjóra Alþingis.

*4. Hvaða verklagsreglur gilda um boðun lögreglu til aðstoðar öryggisvörslu á Alþingi og eru mismunandi viðbúnaðarstig skilgreind í þeim reglum?*

Þingvarsla Alþingis annast öryggisgæslu í húsnæði Alþingis. Á hennar vegum er gætt að eignum þingsins og sinnt gæslu með aðgangi almennings að þingpöllum og öðru húsnæði þingsins. Auk þingvarða er lögreglumaður ávallt á vakt á þingfundartíma. Að öðru leyti fer um samvinnu við lögreglu eftir aðstæðum hverju sinni.